


Starfsáætlun Hörðuheima



Skólaárið 2024 – 2025

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Tölulegar upplýsingar	3
Gjaldskrá og umsóknir	3
Starfsemi Hörðuheima	4
Starfið í vetur - Hörðuheimar 1.-2. bekkur	4
Starfið í vetur – Kastalinn	5
Barnaráð	5
Sumarnámskeið Hörðuheima	5
Samstarf við íþróttafélögin	6
Hressing	6
Frístundabragur/reglur	6
Foreldrasamstarf	7
Öryggi og verkferlar	7
Fyrirkomulag inn- og útskráningar	7
Á ferð með börnin	8
Undirbúningur	8
Farið yfir götu	8
Strætóferðir	8
Að fara í íþróttarútu	8
Almenningsgarðar	9
Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir	9
Áverkar	9
Smávægilegir áverkar	9
Alvarlegir áverkar	9
Höfuðhögg	10
Rýmingaráætlun	10
Viðbrögð við vá	10
Innra mat	11
Símenntunaráætlun	11
Listi yfir starfsfólk og starfsheiti:	12
Viðauki 1	13

Hagnýtar upplýsingar

Frístund Hörðuvallaskóla ber nafnið Hörðuheimar. Forstöðumaður Hörðuheima er Margrét Stefanía Þorkelsdóttir, aðstoðarforstöðumaður er Margrét Áslaug Heiðarsdóttir.

Hægt er að hafa samband í síma 441-3633 fyrir klukkan 12:00 á daginn. Einnig er hægt að senda tölvupóst á horduheimar@kopavogur.is.

Opnunartími Hörðuheima er frá því að skóladegi lýkur til 16:30 alla virka daga nema þá tvo lögbundnu skipulagsdaga sem Hörðuheimar eiga rétt á. Einnig er lokað í vetrarfríum.

Hörðuheimar eru opnir milli jóla og nýárs og í dymbilviku. Sérstök skráning fer fram þessa auka daga ásamt því að sérstakt gjald er tekið fyrir. Ekki er tekið á móti óskráðum börnum.

Þessi opnun er auglýst sérstaklega með bréfi til foreldra og á vef og facebook síðu Hörðuheima.

Veikindi og leyfi barna þarf að tilkynna á netfangið horduheimar@kopavogur.is. Ef barnið er í skólanum en á ekki að mæta í frístund er mikilvægt að láta forstöðumenn vita fyrir kl. 12:00. Það er hægt að gera með því að senda tölvupóst á netfangið horduheimar@kopavogur.is.

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi barna skráð í Hörðuheima: 187

Fjöldi barna í 1. bekk: 75

Fjöldi barna í 2. bekk: 59

Fjöldi barna í 3. bekk: 49

Fjöldi barna í 4. bekk: 4

Gjaldskrá og umsóknir

Umsóknir um Frístund fer fram í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar eða inni á www.vala.is. Upplýsingar um gjaldskrá er að finna á vefsíðu Kópavogsbæjar, <https://www.kopavogur.is/is/gjaldskra>

Innheimta dvalar- og matargjalda fyrir frístund fer fram hjá innheimtudeild Kópavogsbæjar. Innheimta fer fram samkvæmt innheimtureglum Kópavogsbæjar. Skóli kemur óformlega að

innheimtu eins og hér segir og sér um að segja upp vist/áskrift ef ekki er gengið frá greiðslu eftir ákveðinn tíma.

- **1. hvers mánaðar** er gjalddagi. Gjöld í frístund eru innheimt eftirá.
- **10. hvers mánaðar** er eindagi.
- **12. hvers mánaðar** sendir innheimtudeild út stöðu vanskila. Skal skóli veita óformlega áminningu hafi skuld ekki verið greidd (t.d. símtal eða tölvupóstur) áður en formlegt ferli af hálfu bæjarins fer af stað.
- **20. hvers mánaðar** hefst formlegt ferli af hálfu bæjarins, þá er send áminning frá bankanum til þeirra sem ekki hafa greitt.
- **10. næsta mánaðar** fer krafa í milliinnheimtu til Inkasso hafi skuld ekki verið greidd og er þá úr höndum bæjarins. Sjá nánar ferli mála í milliinnheimtu og löginheimtu í innheimtureglum Kópavogsbæjar.
- Ef skuld hefur ekki verið greidd **að tveimur mánuðum liðnum** skal skólinn segja vist barns/mataráskrift upp frá og með næstu mánaðarmótum þar á eftir.

Starfsemi Hörðuheima

Hörðuheimar hafa aðstöðu sína í 4 skúrum á lóð skólans. Starfið skiptist í tvennt, starf í Hörðuheimum fyrir 1. og 2. bekk og Kastalinn fyrir 3. og 4. bekk. Börn í 1. og 2. bekk eru sótt í stofurnar sínar þegar skóladegi lýkur. Kastalabörn mæta sjálf í rými Kastalans sem staðsett er inni í skóla. Hörðuheimar eru opnir til 16:30 alla virka daga yfir veturinn. Á starfsdögum skólans er alla jafna opið. Hörðuheimar fá hinsvegar tvo starfsdaga fyrir sig, einn fyrir áramót og einn eftir áramót.

Starfið í vetur - Hörðuheimar 1.-2. bekkur

Markmið Hörðuheima er að bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf og koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum og að unnið sé út frá styrkleikum barnanna.

Starfið í Hörðuheimum byggist mikið á vali og eru öll börn með valspjald sem er merkt með nafni og mynd og hver árgangur á sinn lit. Með skipulagi valsins virkjum við lýðræði barnanna, við gefum þeim tiltekin völd til þess að taka ákvarðanir og þeim er sýnd virðing af hálfu okkar fullorðna fólksins. Með því viljum við stuðla að því að börnin upplifi að hinir fullorðnu virði þau sem einstaklinga, virði hæfni þeirra til þess að taka ákvarðanir og þeirra eigin skoðanir. Meðal þess sem getur verið í vali er lego, litir, perlur, kaplakubbar, bílar, skotbolti, dans og margt fleira. Einnig erum við mikið úti að leika okkur.

Rými Hörðuheima heita Rauðuheimar, Guluheimar, Svörtuheimar, Bláuheimar og Grænuheimar. Allir þessir heimar hafa einhvern sérstakan tilgang, þar sem hvert rými er nýtt í ákveðinn leik eða verkefni. Í Rauðuheimum er listasmiðjan okkar þar sem eru perlur og unnin hin ýmsu föndurverkefni með börnunum. Í Bláuheimum erum við með alla kubba, bíla og ofurhetjugarla. Í Grænuheimum eru búningar, allskyns dúkkur, eldhús og fleira í heimilisleikinn. Í Guluheimum er hægt að lesa og spila og vinna sérverkefni á hringborðum sem eru til staðar. Svörtuheimar eru rýmið okkar sem er nýtt í dansleiki, bíó, floor is lava og allskonar leiki. Við erum með speglavegg sem hentar vel í dans, púða og teppi. Þar er ekkert dót en það sem er í boði þar er breytilegt frá degi til dags.

Starfið í vetur – Kastalinn

Kastalinn er í boði fyrir 3. og 4. bekk þar sem í boðið uppá val með lego, segulkubbum, perlum, litum og fótboltaspilum. Gefin er út vikudagskrá (sjá viðauka) í samvinnu við börnin. Við erum með hugmyndadag öðru hverju þar sem þau koma hugmyndum sínum á framfæri varðandi starfið. Dagskrá vikunnar eftir er byggð á þeim hugmyndum. Við nýtum heimilisfræðistofuna í bakstur, salinn í leiki, tónmenntastofuna ásamt því að nýta nærumhverfið í ferðir.

Hugmyndin með Kastalanum er að skapa meiri félagsmiðstöðvar stemningu þar sem ramminn er minna afmarkaður heldur en í starfi 1. og 2. bekkjar.

Barnaráð

Barnaráð var stofnað haustið 2020. Ráðið byggir á 12. grein Barnasáttmálans þar sem kveðið er á um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif. Í Hörðuheimum leggjum við áherslu á að starfsemin taki ávallt mið af sjónarhorni barnanna með hagsmunum og velliðan

þeirra að leiðarljósi. Einu sinni í mánuði er 2. bekkur með fund inni í svörtuheiminum, þar eru 7-8 börn eru dregin í ráðið með trommuslætti og fagnaðarlátum. Barnaráðið situr fund með starfsmanni þar sem skipulagður er barnaráðsdagur og gerð auglýsing fyrir hann. Barnaráðsdagur er haldinn einu sinni í mánuði.

Sumarnámskeið Hörðuheima

Sumarið 2021 byrjuðu Hörðuheimar með sumarfrístund fyrir börn í 1.- 4.bekk sem hefur verið árlega síðan. Í sumarfrístund var lögð áhersla á öryggi og kunnuglegt umhverfi í bland við lærdóm leik og gleði. Mikill metnaður var settur í það að hafa dagskrána fjölbreytta og skemmtilega þannig að allir gátu fundið viðfangsefni við hæfi. Sumarfrístundin byggðist á útivist, hreyfingu, leikjum, ferðum og ýmsum ævintýrum í nær- og fjærumhverfi. Starfsfólk Hörðuheima og annarra frístunda í Kópavogi starfa í námskeiðinu. Þessir starfsmenn hafa mikla reynslu og þekkingu á starfinu á frístundaheimilum. Með því að nýta starfsfólk frá öðrum frístundum í Kópavogi ýtum við undir öryggi þeirra barna sem eru að koma frá öðrum frístundum og þekkja ekki Hörðuheima. Námskeiðin voru fimm talsins árið 2021 og 2024 og sex árin 2022 og 2023, viku í senn. Námskeiðin voru fjölsótt af börnum úr öllum skólum Kópavogs.

Samstarf við íþróttafélögin

Eitt af markmiðum Frístunda í Kópavogi er að auka samstarf milli íþrótt- og tómstundafélaga. Stefna Kópavogsbæjar er að skapa heildstæðan skóladag fyrir börn í 1.– 4. bekk. Í Hörðuheiminum er boðið upp á rútur fyrir börn sem sækja æfingu hjá Gerplu og Breiðablik og er mjög mikilvægt að foreldrar fylli inn viðeigandi upplýsingar inn á Völu í hvaða tómstundum barnið er. Þar sem HK er í næsta húsi við okkur þá geta börnin í Hörðuheiminum labbað sjálf yfir og sér starfsfólk Hörðuheima um að koma börnunum á æfingar þar á réttum tíma. Ekkert barn er sent á æfingar nema foreldri/forráðamaður hafi fyllt inn viðeigandi upplýsingar inná Völu eða sent tölvupóst.

Hressing

Á hverjum degi er boðið upp á síðdegishressingu. Í Hörðuheimum er reynt að bjóða upp á mikla fjölbreytni, brauðmeti, hrökkbrauð, álegg, skyr, jógúrt, ávexti og grænmeti. Einu sinni í mánuði er barnaráðsdagur og þá ræður barnaráðið hvað er í boði í síðdegishressingu. Getur það verið mjög fjölbreytt eftir hverju ráði en við höfum boðið upp á sem dæmi pylsur, snúða, kleinuhringi og pizzu.

Frístundabragur/reglur

Í Hörðuheimum tökumst við á við mismunandi verkefni. Unnið er á ýmsa vegu þar sem allskonar þættir eru styrktir og þá sérstaklega félagsfærni. Við vinnum í gegnum leik, bæði frjálsan og skipulagðan. Við í Hörðuheimum vinnum eftir einkunnaroðum skólans „það er gaman í skólanum“ og viljum við að öllum líði vel og hafi gaman. Tekist er á við vandamál með yfirvegun og í samvinnu við börn og foreldra. Einnig er unnið eftir eineltisáætlun skólans sem er að finna á heimsíðu Hörðuvallaskóla.

Foreldrasamstarf

Nauðsynlegt er að láta vita af öllum breytingum á vistun barnanna, hvort sem það er breyting á heimferð, breyting á tómstundastarfi, barn fer heim með öðru barni o.s.frv. Best er að senda tölvupóst á horduheimar@kopavogur.is svo allar upplýsingar komist örugglega til skila.

Einnig er hægt er að hafa samband í síma 441-3633 fyrir klukkan 13 og ef upp kemur sú staða að það sé þörf að ná í okkur eftir klukkan 13:00 er hægt að hringja í vaksímann okkar 825-5947 og þá færðu samband við starfsfólk Hörðuheima. Við leggjum áherslu á að vera í góðu sambandi við foreldra og að þau séu upplýst um starfið í Hörðuheimum ásamt því að þau geti leitað til okkar ef upp vakna spurningar eða við til þeirra ef þess þarf. Í Hörðuheimum tökum við vel á móti athugasemdum og ábendingum. Við erum einnig með Facebook grúbbu þar sem við komum upplýsingum til skila, “Hörðuheimar upplýsingasíða 2024-2025” og Instagram, “Horduheimar”, þar sem við sýnum frá starfinu.

Öryggi og verkferlar

Starfsmenn Hörðuheima vinna eftir öryggisferlum Kópavogsbæjar, sem þau skoða í starfsmannahandbók.

Fyrirkomulag inn- og útskráningar

Börn í 1. og 2. bekk eru sótt í stofurnar sínar að skóladegi loknum og þeim fylgt yfir í Hörðuheima. Þar skrá starfsmenn börnin inn í gegnum Völuna. Starfsmaður Kastalans hverju sinni tekur svo á móti 3. og 4. bekk í þeirra rými og skráir þau inn. Tveir starfsmenn eru á stjórnstöð allan daginn og þeirra verk er að halda utan um allar skráningar og senda börn í rútur og heim á réttum tíma. Í Völunni eru líka viðeigandi upplýsingar sem berast um morguninn í gegnum síma eða tölvupóst sem forstöðumenn fá. Því er mikilvægt að láta vita ef breyting verður á heimför, ef barn á að fara fyrr, ef einhver annar sækir en vaninn er eða ef barn á að fara heim með öðru barni. Best er að senda póst um morguninn á horduheimar@kopavogur.is svo allar upplýsingar komist örugglega til skila. Þegar börnin fara heim eftir daginn setja þau valspjaldið sitt í „blessbless“ og kveðja starfsmann á stjórnstöð.

Ef að barn mætir ekki og engar upplýsingar liggja fyrir um hvar það gæti verið er hringt í foreldra og athugað hvort að það hafi verið sótt. Ef það var ekki sótt eða týnist á meðan á

starfinu stendur eru foreldrar látnir vita og starfsmenn fara að leita af barninu inni í skóla og í nærumhverfi. Ef það finnst ekki er hringt í lögregluna.

Á ferð með börnin

Undirbúningur

Bakpoki með: sjúkrakassa, gsm síma og viðverulista/aðstandendalista. Huga þarf vel að börnum með sérþarfir og sjúkdóma. Ef ná þarf sambandi við forráðamenn er haft samband við skólaritara til að fá upplýsingar um símanúmer. Mynda skal tvöfalda röð og börn talin í upphafi og þegar lagt er af stað til baka. Mikilvægt að starfsmaður sé fremst og annar aftast sem hefur yfirsýn yfir hópinn. Miða skal við að fjöldi barna á hvern starfsmann í lengri ferðum sé ekki meiri en 10 börn.

Farið yfir götu

Þegar komið er að gangbraut skal stöðva röðina og gæta þess að umferð stöðvist ekki fyrr en hópurinn er tilbúinn að fara yfir götuna. Mikilvægt að börnin gangi yfir götuna þegar umferð hefur stöðvast og að starfsfólk fari á undan röðinni og aftasti starfsmaður fer síðastur yfir. Hópurinn skal ganga rösklega yfir umferðargötuna.

Strætóferðir

Hámarksfjöldi í hverri ferð eru 28 börn. Kynna sér vel tímaáætlun strætó. Halda skal skipulagðri röð í strætóskýli og þegar gengið er inn og út úr strætó. Starfsmenn hafa stjórn á hópnum meðan beðið er eftir strætó svo börnin séu róleg nálægt umferð. Telja skal börnin inn í strætó og sýna strætókort. Börnunum komið fyrir í sætum (þrjú börn í tveimur sætum ef þörf er á). Ef engin sæti eru laus er mikilvægt að börnin sitji á gólfinu. Einn starfsmaður er við hverja útgöngudyr til að passa að börnin fari ekki út á vitlausum stað. Mikilvægt að einn starfsmaður fari vel yfir vagninn áður en hann er yfirgefinn til að vera viss um að öll börnin séu farin úr strætó. Gæta skal þess að ekki sé farið yfir götu fyrr en vagninn er farinn. Þegar á staðinn er komið skal leggja fyrir hópinn þær reglur sem gilda á viðkomandi stað.

Að fara í íþróttarútu

Starfsmenn frístunda sjái til þess að þau mæti á réttum tíma í íþróttarútu. Starfsmenn í íþróttarútu sjá um að taka við þeim í rútunni og huga að öryggisþáttum s.s. að þau sitji í sætunum sínum, spennu öryggisbelti ofl.

Almenningsgarðar

Starfsmaður finnur stað þar sem börnin geta geymt töskur og klæðnað. Mikilvægt er að einn starfsmaður sé ávallt vakandi yfir að vera nálægt bækistöðinni til öryggis. Reglur sem gilda um staðinn útskýrðar og dagskráin kynnt. Muna að telja börnin áður en garðurinn er yfirgefin.

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir

Starfsmaður skal fara á undan og tilkynna komu hópsins. Starfsmaður fer yfir reglur varðandi heimsóknina og almennar umgengnisreglur. Mikilvægt er að telja börnin og hafa góða yfirsýn yfir hópinn.

Áverkar

Smávægilegir áverkar

Smávægilega áverka má skilgreina sem óhapp sem ekki þarf að leita til læknis, t.d. skrámur, marblettir, blóðnasir, skurðir og skeinur. Gert er að áverkum með búnaði úr sjúkrakassa á staðnum. Ef barninu er ekki treyst í frekari dagskrá þá skal haft samband við forráðamenn.

Alvarlegir áverkar

Alvarlega áverka má skilgreina sem óhapp þar sem leita þarf til læknis, s.s. alvarleg brunasár, beinbrot, andlitsáverkar, tognanir, þung höfuðhögg, bakáverkar og grunur um innvortis meiðsl. Gera þarf að sárum með búnaði úr sjúkrakassa og ef þurfa þykir veita fyrstu hjálp. Starfsfólk skiptir með sér verkum og sjá til þess að sinna öðrum börnum. Ef áverkar eru alvarlegir/lifshættulegir er hringt á 112 og barni fylgt á slysadeild. Haft er samband við forráðamenn. Starfsmönnum frístunda ber að sækja skyndihjálparnámskeið annað hvert ár.

Höfuðhogg

Alltaf skal hafa samband við forráðamenn og láta vita. Hafa skal í huga að heilahristingur kemur ekki í ljós fyrr en eftir nokkra klukkutíma. Gera skal skýrslu um slysið. Sé barn með alvarlegan sjúkdóm eða ofnæmi er mikilvægt að allt starfsfólk sé upplýst um það og viti um staðsetningu á adrenalínpena eða öðru sem til þarf og að notkun allra hjálpartækja sé öllum ljós.

Rýmingaráætlun

Ef það þarf að rýma bygginguna ber hver starfsmaður ábyrgð á að koma hópnum í sínu rými rólega og örugglega út úr byggingunni stystu leið sem möguleiki er á. Mikilvægt er að starfsmaður sé síðastur út úr stofunni til þess að tryggja að ekkert barn verði eftir.

- Ef möguleiki er á að komast í skó er það gert, annars er farið út á sokkunum.
- Öll börn og starfsfólk safnast saman á körfuboltavellinum sem er næst neyðarútganginum í Hörðuheimum.
- Mikilvægt er að allt starfsfólk sé með síma svo hægt er að hafa samband á milli hópa. Þannig er hægt að tryggja öryggi barnanna betur.
- Þegar út er komið er lesið upp af mætingarlista, ef barn er ekki úti er leitað af því. Mætingarlistinn er gríðarlega mikilvægur varðandi þetta og því nauðsynlegt að börn séu skráð inn og út.

Viðbrögð við vá

Hörðuheimar eru opnir nema annað sé tilkynnt. Það getur komið upp sú staða að mönnun í frístund sé takmörkuð og geta foreldrar þá búist við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist sjálfir með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum upplýsingum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barnanna og hegði sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Aðstæður geta þróast með ófyrirséðum hætti og verið mismunandi eftir svæðum.

Ef óveður brestur á, á frístundatíma, skal hafa í huga að nemendur eru öruggir í Hörðuheimum og foreldrar þurfa ekki að hafa áhyggjur af börnum sínum. Börn eru ekki send heim ef búið er að lýsa yfir óveðri.

Innra mat

Tryggja ber að starfsemi frístunda sé í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í stefnumótun um frístundir. Ávallt er unnið að því að auka gæði starfsins og stuðla að umbótum. Mikilvægur liður í því er að veita góðar upplýsingar um starfsemina til foreldra, starfsfólks skóla og bæjaryfirvalda.

Hver frístund mótar kerfisbundið innra mat á árangur og gæði starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt er að börnin, foreldrar og starfsfólk taki þátt í að meta starfið, eftir því sem við á. Við í frístundinni ræðum reglulega saman um það hvað við getum gert betur og setjum áætlun hvernig við ætlum að gera það, auk þess að fá uppástungur frá foreldrum og börnunum sjálfum.

Ytra Mat

Í byrjun árs 2024 var send út þjónustukönnun á foreldra þar sem þar sem foreldrum gafst tækifæri á að koma með sínar skoðanir á Hörðuheimum. Heilt yfir kom þjónustukönnunin vel út. Foreldrar lýstu ánægju sinni yfir meðal annars starfsfólkinu og stjórnendum, fjölbreytni í starfi, útiveruna og starfið almennt. Hins vegar eru alltaf tækifæri til úrbóta og samkvæmt niðurstöðum þjónustukönnunar eru eftirfarandi atriði það sem foreldrar benda á að megi bæta í starfinu og úrbótaáætlun við því.

Tækifæri til úrbóta	Aðgerðir til úrbóta
Upplýsingaflæði um hvað er gert í frístund	Vikupóstur sendur út á föstudögum
Upplýsingar um síðdegishressingu	Sjáanlegt á töflu þegar foreldrar sækja
Vantar rólegt svæði	Setja upp slökunarklúbb
3&4 bekkur of mikið að hlaupa út um allt	Starfsmenn harðari á því hvar má vera
Of mikið rennsli af starfsmönnum í 3.&4. bekk	Hafa fasta starfsmenn lengur

Símenntunaráætlun

Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir endurmenntun fyrir starfsfólk og stjórnendur frístunda. Eins og áður sagði fær starfsfólk frístunda tvo skipulagsdaga á skólaárinu, einn á hvorri önn og eru þeir skipulagðir af forstöðumönnum Hörðuheima og skólastjóra til símenntunar. Við stefnum á að klára að horfa á UNICEF námskeiðið um barnvæn sveitafélög.

Listi yfir starfsfólk og starfsheiti:

Margrét Stefanía Þorkelsdóttir - Forstöðukona

Margrét Áslaug Heiðarsdóttir - Aðstoðarforstöðukona

Arnar Freyr Ísleifsson – Frístundaleiðbeinandi

Auður Svavarsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Áróra Sjöfn Sveinsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Erna Helga Hallgrímsdóttir - Frístundaleiðbeinandi

Eyjólfur Kristopher Kolbeins – Frístundaleiðbeinandi

Jónea Haraldsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Kristján Ingi Sigurðsson – Frístundaleiðbeinandi

Kristófer Jón Stefánsson - Frístundaleiðbeinandi

Maya Angelova - Frístundaleiðbeinandi

Sandra Mujiatin Fikradóttir - Frístundaleiðbeinandi

Thelma Lind Antonsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Tinna Dís Hafsteinsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Þórður Gunnar Hafþórsson – Frístundaleiðbeinandi

Viðauki 1

